



FUNDARGERÐ 446. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 9. apríl 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:00. Fundurinn er staðfundur á skrifstofum SORPU að Gylfaflöt 5 og fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Bjarki Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestir: Gyða Sigríður Björnsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni, situr fundinn undir lið 3.

Tekið fyrir

1. Febrúaruppgjör

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri gera grein fyrir uppgjöri febrúarmánaðar.

Bjarki Bjarnason vísar af fundi klukkan 14:29

2. Skógrækt í Álfsnesi - minnisblað

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um skógrækt í Álfsnesi.

Fyrirhugað er að hefja skógrækt í Álfsnesi með því að planta 5.280 trjáum í Álfsnesi sumarið 2021 undir faglegri stjórn Skógræktarfélag Reykjavíkur. Stefnt er að því að gróðursetja 200.000 tré í Álfsnesi fyrir lok árs 2023.

Kolbrún Þorsteinsdóttir kom á fund 14:42.

3. Úrgangstölfræði heimilanna 2020

Sérfræðingur í sjálfbærni gerir grein fyrir úrgangstölfræði heimilanna 2020. Áform eru um að kynna niðurstöðurnar fyrir öllum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

4. Staða og horfur moltu og metangass framleiðslu GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðunni á tilraunafasa GAJA og afurðum hennar. Stjórn kallar eftir minnisblaði framkvæmdastjóra.



5. Erindi frá Sorpstöð Suðurlands um móttöku á óvirkum og grófum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi frá Sorpstöð Suðurlands um móttöku á óvirkum og grófum úrgangi.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra er falið að bregðast við erindi forsvarsfólks SOS og eiga með þeim fund.“

6. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður fimmtudaginn 15. apríl klukkan 15:15.


Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:22.

Magn úrgangs til SORPU frá heimilum á höfuðborgarsvæðinu árið 2020

Tafla 1 sýnir magn úrgangs sem berst í gegnum sorphirðu sveitarfélaga, grenndargáma og endurvinnslustöðvar. Magnið er tilgreint í kg á íbúa eftir sveitarfélögum og einnig sem heildarmagn mismunandi úrgangsflokka í tonnum eftir farvegi.

Árið 2020 bárust um 100 þúsund tonn af úrgangi í gegnum söfnun sveitarfélaga og var það tæplega helmingur alls úrgangs sem barst til SORPU árið 2020 (heildarmagn var 212 þúsund tonn).

Á skífuritinu má sjá skiptingu úrgangsmagns til SORPU frá íbúum eftir farvegi.



Tafla 1. Magn úrgangs í gegnum sorphirðu, grenndargáma og endurvinnslustöðvar sveitarfélaganna til SORPU

	Sorphirða					Grenndargámar			Endurvinnslustöðvar														Ráðstöfun				
Sveitarfélag	Sorptunna*	Aætlað magn úr sorptunni til GAJA****	Blátunna ***	Plasttunna	Plast úr vindskilju (Kári)**	Plast	Pappír	Gler	Föt og klæði***	Nytjahlutir og byggingarvörur	Pappír og pappi***	Plast****	Flöskur og dósir***	Málmar ***	Hjólbarðar	Garðaúrgangur	Gler og steinefni	Ómálað timbur	Málað timbur	Spilliefni og málingarúrgangur	Raftæki	Grófur úrgangur	Almennur heimilis-úrgangur	Samtals endurnýting	Samtals förgun	Samtals til SORPU	Endurnýtingarhlutfall
Garðabær	154,3		35,8		0,84	0,77	3,15	0,92																218	230	447	49%
Hafnarfjörður	156,4		31,9		0,84	0,56	4,92	0,87																216	235	450	48%
Kópavogur	141,2		-			0,15	-	1,00																178	220	398	45%
Mosfellsbær	152,1		28,4		0,84	0,35	-	0,51																207	230	437	47%
Reykjavík	134,3		19,5	3,5		1,39	8,18	1,62																211	213	424	50%
Seltjarnarnes	153,5		31,2		0,84	0,74	3,59	2,44																215	232	447	48%
Kg/íbúa á höfuðborgarsvæðinu	141,0	9,2	23,7			0,97	5,54	1,33	5,6	5,9	15,6	5,5	9,4	18,0	1,2	37,0	41,9	18,4	40,7	3,1	8,7	18,1	26,5				
Heildarmagn (tonn)	33.318	2.182	4.683	461	54	230	1.308	315	1.316	1.390	3.693	1.310	2.212	4.261	293	8.738	9.889	4.342	9.618	730	2.056	4.278	6.262	48.732	51.970	100.702	
																								Heildarmagn úrgangs til SORPU árið 2020: 212.060 tonn			

* Ekki er gerð grein fyrir magni metans sem framleitt er á urðunarstað eða málmum sem eru flokkaðir vélrænt frá heimilisúrgangi í móttökustöð.

** Kári, vindflokkari fyrir plast í pokum, var úr notkun hluta úr árinu vegna Covid og vegna breytinga á vinnslulínu. Ekki var heldur allt magn plasts sem safnaðist með vindflokkun skráð og var því í raun meira en hér er birt.

*** SORPA hefur ekki upplýsingar um ýmis endurvinnsluefni, s.s. magn vefnaðarvöru sem safnast í gegnum grenndargáma RKÍ og annarra, magn skilagjaldsskyldra umbúða sem berast beint til Skátanna og Endurvinnslunnar hf, magn endurvinnsluefna sem fara í endurvinnslutunnur ÍGF og Terra, magn pappírs og plasts í blátunnu Kópavogs eða ökutæki sem fara til endurvinnslu frá heimilum.

**** Gaja tók til starfa á síðari hluta ársins 2020 og var ekki komin í full afköst í lok árs.

Í töflu 2 sést magn almenns heimilisúrgangs í sorptunnum á íbúa eftir sveitarfélögum. Athygli vekur að magn úrgangs í sorptunnum eykst úr 136 kg í 141 kg á íbúa milli ára. Líkleg skýring er aukin heimavinna íbúa á síðasta ári vegna Covid-19 og sóttvarnaraðgerða.

Magn pappírs og pappa í blátunnum dregst hins vegar saman milli ára, líkt og sjá má í töflu 3.


Tafla 2. Magn almenns heimilisúrgangs úr sorptunnum á íbúa

	Magn úrgangs eftir sveitarfélögum í tonnum		Magn á íbúa (kg)		Breyting á úrgangsmagni milli ára á íbúa í %	Íbúafjöldi höfuðborgarsvæðisins 31. desember		Breyting íbúafjölda milli ára
	2020	2019	2020	2019	2019-2020	2020	2019	2019-2020
Garðabær	2.729,6	2.544,1	154,3	150,4	2,6%	17.690	16.920	4,6%
Hafnarfjörður	4.642,7	4.422,7	156,4	147,4	6,1%	29.680	30.000	-1,1%
Kópavogur	5.410,1	5.104,9	141,2	134,4	5,0%	38.310	37.970	0,9%
Mosfellsbær	1.913,8	1.708,3	152,1	141,5	7,5%	12.580	12.070	4,2%
Reykjavík	17.899,2	17.209,0	134,3	131,1	2,4%	133.290	131.220	1,6%
Seltjarnarnes	722,8	687,3	153,5	145,6	5,4%	4.710	4.720	-0,2%
Samtals	33.318,3	31.676,3	141,0	136,0	3,7%	236.260	232.900	1,4%

Tafla 3. Magn pappírs og pappa úr blátunnu til SORPU

	Magn úrgans eftir sveitarfélögum í tonnum		Magn á íbúa (kg)		Breyting á úrgangsmagni milli ára á íbúa í %	Íbúafjöldi höfuðborgarsvæðisins 31. desember		Breyting íbúafjölda milli ára
	2020	2019	2020	2019	2019-2020	2020	2019	2019-2020
Garðabær	633,4	633,5	35,8	37,4	-4,4%	17.690	16.920	4,6%
Hafnarfjörður	948,2	1.027,8	31,9	34,3	-6,7%	29.680	30.000	-1,1%
Mosfellsbær	357,6	398,3	28,4	33,0	-13,9%	12.580	12.070	4,2%
Reykjavík	2.596,4	2.914,1	19,5	22,2	-12,3%	133.290	131.220	1,6%
Seltjarnarnes	147,0	163,5	31,2	34,6	-9,9%	4.710	4.720	-0,2%
Samtals	4.682,6	5.137,2	23,7	26,4	-10,2%	197.950	194.930	1,5%

Tafla 4. Magntölur frá endurvinnslustöðvum SORPU (tonn)



Í töflu 4 má sjá magn mismunandi úrgangsflokka sem berast á endurvinnslustöðvar og þróun á milli ára.

Tæplega helmingi meira magn berst á endurvinnslustöðvar (60 þúsund tonn) en í gegnum sorptunnur sveitarfélaga (33 þúsund tonn).



Til: Framkvæmdastjóra – Jóns Viggós Gunnarssonar
Frá: Eiði Guðmundssyni – Staðarstjóra Álfsnes
Efni: Minnisblað um skógrækt í Álfsnesi

7. apríl 2021

Minnisblað um skógrækt í Álfsnesi

Áætlun um skógrækt í Álfsnesi

Samkvæmt skógræktaráætlun sem gerð var í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur væri hægt að gróðursetja um 200.000 plöntur á því svæði sem SORPA hefur til umráða innan jarðarinnar Álfsness og um 300.000 skógarplöntur á aðliggjandi svæðum. Í dag einkennist landið af berangri þar sem melar, urðir, stórgrýttir móar og lúpínubreiður bera merki um umhverfi sem er að þrotum komið. Þarna er hægt að rækta upp skóga á nokkrum áratugum sem gætu skapað ágætar aðstæður til útivistar, byggt upp skjól fyrir byggðina og bundið um 100.000 tonn af CO₂ á 50 árum.

Árið 2021 er áætlað að planta 5.280 plöntum sem þegar hafa verið pantaðar. SORPA mun á þessu ári gera tilraunir með að planta ösp, víði, birki, greni, furu, elri og reyni á tiltekin svæði samkvæmt ráðgjöf Skógræktarfélags Reykjavíkur. Ef vel gengur og plönturnar þrífast vel er gert ráð fyrir að þær stuðli að bindingu um 1056 tonna af CO₂ á næstu 50 árum en það jafngildir rétt tæplega losun SORPU vegna eldsneytisnotkunar árið 2020 (1282 tonn).

Tenging við lokun og frágang urðunarstaðarins

Fyrir liggur að urðun verði hætt í Álfsnesi eigi síðar en 31. desember 2023. Í sumar verður hafist handa við frágang upp uppgræðslu svæða sem þegar hafa verið tekin úr notkun.

Lögð verður áhersla á að milda og bæta ásýnd urðunarstaðarins. Fyrst verður lögð áhersla á ásýnd úr suðvestri, frá næstu nágrönnum í Leirvogstungu. Í því verkefni felst manargerð, sáning og uppgræðsla ásamt skógræktarverkefnum.

Skógrækt og manargerð á jöðrum urðunarsvæðisins í upphafi verkefnisins er liður í að tryggja árangur í uppgræðslu svæðisins og skapa aðstæður fyrir áframhaldandi skógræktarverkefni.

Molta sem framleidd verður í GAJU verður nýtt í þessu verkefni, til að tryggja árangur í uppgræðslu og bæta lífslíkur trjáplantna.

Álfsnesi 7. apríl 2021

Eiður Guðmundsson